

Fundur 14. febrúar kl 19.00

Mættir Jóna Guðrún, Þóra, Hrefna, Katrín Jóna, Agnes, Halldóra, Örn Ævar og Þórhallur.

Bolir fyrir Skólahreysti og aðrar keppnir, Jóna Guðrún búin að fá tilboð í 100 boli frá Merkiprent, 1200 krónur með merkingu. Ákveðið var að fá svarta með gulum stöfum og logo skólans. 40 í medium, 40 í large og 20 í xl.

Fundur með bekkjarfulltrúum. Gengur illa að fá svör frá bekkjarfulltrúum um hvað búið er að gera og hvenær það var gert.

Logi Geirs kemur 25. feb frá 17.30-18.30. Auglýsa vel. töskupóstur, facebook og tölvupóstur. Opinn fyrirlestur fyrir alla nemendur og foreldra í Akurskóla.

Páskabingó. Verður haldið 12. mars í salnum. Þarf að auglýsa. Þjóðum 9. bekk að taka það að sér upp í styrk fyrir næsta ár. Hugmyndin er að þau verði með veitingasölu. Umræða kom upp að þröngt hefði verið á jólabingóinu og of hratt lesið fyrir yngstu börnin. Hugmynd kom að 1.-3. bekkur noti nemendainnganginn til að minnka kraðak. 1.-3. bekkur 17-18:30 4.-6. bekkur 18:45-20:15 og 7.-10. bekkur 20:30-22:00. Setja upp fleiri borð í gryfjuna.

Skólaráðsfundur: Samræmdu könnunarprófin, skólinn er að fara upp. 10. bekkur hefur verið að bæta sig en 4. og 7. bekkur þarf að bæta sig meira.

Stefnt er að því að festa kennaranna á sínu áhugastigi.

Sagt frá nýju heimasíðunni.

Niðurstöður úr skólapúls kynntar í vor.

Aðkoma að skólanum. Hugmynd um að setja hringtorg eða útskot á Skólabrautinni.

Sigurbjörg vill fá meiri gróður í kringum skólann. Bréf frá foreldrum sýnt og við skrifuðum undir.

Vandræði í kringum skýlið. Þarf að gera umferðaráttak

10. bekkur er í verkefni sem heitir Varðliðar umhverfisins. Unnið í samstarfi við fyrirtæki.

Ákveðið var að við höldum áfram að vera fernulaus skóli

Árshátið 22. mars.

Magnús kom með hugmynd að skólasöng Akurskóla. Fá hugmyndir frá foreldrasamfélaginu.

Spurning um blandaða bekkjarkerfið. Með stækkandi skóla mun það leggjast af.

Það koma 2 færanlegar kennslustofur næsta haust.

Það eru ekki prófadagar í Akurskóla, það er símat jafnt og þétt fyrir skólaárið.

Allir ánægðir með nýju heimasíðuna. Logo foreldrafélagsins sett inn og þar verða upplýsingar um félagið.

Jóna Guðrún hjá FFGÍR. Talað um Örnámskeiðin sem verða næsta laugardag 16. feb. Hafþór með erindi varðandi tölvunotkun, Guðmundur Hrafn með erindi varðandi útikennslusvæði og Ingigerður með erindi um rafbækur.

Blátt áfram fyrirlestur þann 20. feb í sal FS.

Rætt um heimasíður, góðar upplýsingar. Erum að gera góða hluti.

Hugmynd að fá Þorgrím Þráinsson fyrir fleiri hópa.

Hugmynd að fá Siggú Dögg og tala við 9. og 10. bekk um kynlíf og svo var fundur með foreldrum þar sem rætt var um hvað nemendur spurðu um og í lok þess fundar fengu nemendur að koma á fundinn. Þetta var gert í Njarðvíkurskóla.

Hugmynd að buffsölu með logo skólans sem fjáröflun fyrir FFA. Hugmynd að hafa þau gul með grænu logo. Jóna Guðrún talar við Merkiprent.

Fundir fram á vor 14. febrúar, 11. mars, 17. apríl. Aðalfundur miðvikudaginn 15. maí og þá verður farið yfir bókhaldið. Fundur með Sibbu og Bryndísi haldinn 11. mars klukkan 20.00. Hvað viljum við ræða við þær? Virkt nemendaráð, hvort nemendaráð, -félag halda fjáraflanir, bekkjarskemmtanir, hvort FFA verði félag sem rukki gjöld og styrki og nemendafélagið sjái um annað.

Ég og þú, þú og ég fyrir 4. – 7. bekk. Fullt af hugmyndum. Minigolf- Ósk, hárstöð, reyna að fá Ósk eða Birnu. joga Ágústa, leikir- Jóna Guðrún, skrautskrift Katrín talar við vinnufélaga sinn og Þóra er vara, skák Þórhallur, tilraunir tala við Hörpu. Þarf að auglýsa eftir foreldrum.

Önnur mál.

Muna að senda samþykktar fundargerðir.

Selja peysur sem til eru. Tala fyrst við foreldra sem eiga eftir að fá peysur frá þar síðustu pöntun.

Styrkur fyrir 7. bekk sem þeir eiga inni frá síðasta ári fyrir Reykjaferðinni. Styrkur 1000 per nemanda.

Talað um 10. bekkjarferð. Styrkur 2500 per nemanda.

Fundi slitið kl. 20:45